

M-42/2007 Álit 18. janúar 2008

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 18. janúar 2008 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-42/2007:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 9. nóvember sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á ísskáp hjá fyrirtækinu Y 2. september 2004. Álitsbeiðandi segir ísskápinn gallaðan, vill rifta kaupunum og fá kaupverðið endurgreitt auk bóta fyrir afnotamissi.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Kærunefndin gaf seljanda kost á andsvörum með bréfi, dags. 4. desember sl., og óskaði eftir því að andsvör bærust fyrir 15. desember. Engin andsvör hafa borist. Með bréfi, dags. 3. janúar sl., var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu. Kærunefndin ritaði álitsbeiðanda bréf hinn 10. janúar og óskaði frekari skýringa á einstökum atriðum í álitsbeiðninni og fékk þær í bréfi dags. 14. janúar sl.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Samkvæmt reikningi, dags. 2. september 2004, keypti álitsbeiðandi stál ísskáp af tegundinni Z hjá fyrirtækinu Y fyrir kr. 69.000. Álitsbeiðandi gerir svofellda grein fyrir ágreiningi við seljanda:

„Þegar ísskápurinn er nýr þurfti alltaf að hafa kælinguna á fullu til að ná viðunandi kælingu. Í október 2007 gaf sig eitthvað og viðgerðarmaður fenginn til að líta á. Kæliefni (freon) hafði þá lekið af smátt og smátt og leki fannst ekki við nána skoðun og er hald manna að leki inn á milli bilanna og svari ekki kostnaði að rífa skápinn í sundur til að gera við. Þetta er að okkar mati galli og ber Y að bæta þetta með endurgreiðslu eða nýjum sambærilegum ísskáp.

Þeir skýla sér á bak við 2 ára ábyrgð, en við lítum til 5 ára reglu vegna leynds galla á skápnum. Í bæklingi sem fylgir kælisráðnum er talað um 5 ára ábyrgð vegna galla. Y benti okkur á að tala beint við framleiðandann en við teljum þetta vera í þeirra verkahring og á þeirra ábyrgð þar sem þeir eru umboðsaðilar og eiga að hafa endurkröfurétt á framleiðandann.

Sem fyrr segir krefst álitsbeiðandi þess í álitsbeiðninni að seljandi endurgreiði ísskápinn að fullu, kr. 69.000 og afnotamissi í 38 daga, kr. 500 á dag, eða kr.19.000. Samtals kr. 88.000.

Álitsbeiðninni fylgdi reikningur frá fyrirtækinu A þar sem segir að 8. október sl. hafi verið gert við eldavel og ísskáp, 10. október hafi ísskápurinn verið sóttur og farið með lánskáp og 16. október hafi verið fyllt á kerfið á ísskápnum og hann prófaður. Reikningur þessi er stílaður á B og er með aksturskostnaði að fjárhæð kr. 16.498. Í bréfi álitsbeiðanda til kærunefndarinnar frá 14. janúar sl. segir álitsbeiðandi að reikningurinn

sé stílaður á eiginmann sinn og hafi A ekki krafist greiðslu hans. A sé þó ekki tengd Y á nokkurn hátt nema þannig að tilraun til viðgerðar á ísskápnum hafi verið gerð í samráði og samstarfi við viðgerðamann frá Y. Af greiðasemi hafi þau fengið lánaðan lítinn ísskáp hjá A meðan tilraunir til viðgerða hafi staðið og hafi það verið í tæpar tvær vikur. Krafa um bætur fyrir afnotamissi í sé þannig fundin að miðað sé við tímabilið frá því að ísskápurinn hafi gefið sig, sem verið hafi í endaðan september, þar til að álitsbeiðnin hafi verið send kæruneftndinni. Segja megi að lækka mætti bótakröfuna vegna þess tíma sem þau hafi haft ísskáp í láni en sá skápur hafi komið frá þriðja aðila sem hafi engra hagsmuna átt að gæta. Krafa um afnotamissi í 38 daga sé hófleg.

Álitsbeiðandi segir að seljandi hafi ekkert annað viljað fyrir sig gera en að bjóða 20% afslátt af nýjum ísskáp sem þeim hafi fundist afskaplega lélegt.

Álitsbeiðandi sendi með bréfi sínu bækling sem ísskápnum fylgdi og segir þar koma fram að á skápnum sé 5 ára ábyrgð vegna galla á íhlutum og varahlutum. Álitsbeiðandi er væntanlega að vísa til svohljóðandi áritunar á bæklingnum: „Garantia 5 anos. Gratis todas las piezas y componentes por 5 anos.“

IV

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og fyrirtækisins Y falli undir valdsvið neftndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup, 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 og 1.-3. mgr. 1. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup, sem viðskipti aðila falla undir.

Frásögn álitsbeiðanda um galla á ísskápnum, sem seljanda var gefinn kostur á að andmæla en hann gerði ekki, verður að skilja svo að kælivökvi hafi lekið af skápnum. Lekinn hafi verið á þeim stað að viðgerð hefði orðið of kostnaðarsöm miðað við verðmæti skápsins og hann því metinn ónýtur. Ísskápurinn var keyptur 2. mars 2004 og segir álitsbeiðandi að í október sl. hafi hann bilað og er reikningur Rafeyjar, sem getið var um að framan, til sannindamerkis um það. Kæruneftndin telur því óhætt samkvæmt framansögðu að byggja á því að galli hafi komið fram í ísskápnum í skilningi a-liðar 1. mgr. 16. gr. laga nr. 48/2003, sbr. 15. gr. laganna. Þá telur kæruneftndin að nægjanlega sé í ljós leitt að viðgerð á ísskápnum svari ekki kostnaði.

Ísskápurinn var þannig metinn ónýtur rúmum þremur árum eftir að álitsbeiðandi keypti hann. Almennt verður að telja að heimilistæki eins og ísskápur sá sem hér um ræðir eigi að geta enst bilanalaust eða a.m.k. bilanaltíð í 5-10 ár og jafnvel lengur. Þetta leiðir til þess að kæruneftndin telur að álitsbeiðandi hafi átt rétt á kvörtunarfresti samkvæmt 2. málslíð 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003, þ.e. í 5 ár. Ætti sú ábyrgð sem framleiðandi tiltekur að gildi um kaupin á skápnum að vera í þessu tilviki í samræmi við það því að ekki var um að ræða bilun sem talið var tækt að gera við heldur var skápurinn dæmdur ónýtur af viðgerðamanni sem skoðaði skápinn á vegum viðgerðaaðila seljanda.

Pegar um galla er að ræða eins og í þessu tilviki á kaupandi kost á þeim úrræðum sem lýst er í 1. mgr. 26. gr. laga nr. 48/2003 en meðal þeirra er riftun kaupa, sbr. d-lið greinarinnar. Í d-lið er vísað til 32. gr. laganna en þar segir að í stað þess að krefjast afsláttar af kaupverði geti kaupandi rift kaupunum, nema galli sé óverulegur. Í því tilviki sem hér um ræðir er tvímælalaust að ekki er um óverulegan galla að ræða og lítur kæruneftndin því svo á að álitsbeiðanda sé riftun heimil.

Álitsbeiðandi hefur krafist þess að fá kaupverð skápsins endurgreitt að fullu. Samkvæmt 2. mgr. 49. gr. laga nr. 48/2003 á kaupandi rétt á því, þegar um riftun er að ræða, að seljandi endurgreiði kaupverðið. Samkvæmt 2. mgr. 50. gr. ber neytanda þó að færa seljanda þann afrakstur til tekna sem hann hefur haft af hlutum og greiða hæfilegt endurgjald fyrir veruleg not sem hann hefur að öðru leyti haft af honum. Í því tilviki sem hér um ræðir hafði álitsbeiðandi not af ísskápnum í rúm þrjú ár.

Í 2. mgr. 50. gr. segir, eigi seljandi að endurgreiða kaupverð, beri honum að greiða vexti í samræmi við ákvæði vaxtalaga frá þeim tíma er neytandi tilkynnti seljanda að hann myndi bera fyrir sig gallann og er þá um að ræða vexti af fjárhæð endurgreiðslunnar. Gera verður ráð fyrir því að álitsbeiðandi hafi kvartað við seljanda í október síðastliðnum, sbr. það sem fyrr segir um tilraunir til þess að gera við ísskápinn.

Með framangreind tvö lagaákvæði í huga um not af söluhlut og vexti af endurgreiðslu þykir kæruneftndinni hæfilegt að seljandi greiði álitsbeiðanda samtals kr. 45.000.

Álitsbeiðandi hefur krafist skaðabóta vegna missis afnota af ísskápnum. Í 1. mgr. 33. gr. laga nr. 48/2003 segir að neytandi geti krafist skaðabóta fyrir það tjón sem hann bíður vegna galla á söluhlut. Þetta ákvæði laganna nær þó aðeins til bóta fyrir fjárhagslegt tjón sem neytandi verður fyrir vegna galla á söluhlut, en ekki fyrir óþægindi sem geta verið samfara gallanum. Álitsbeiðandi hefur ekki rökstutt kröfuna á þann hátt að hann hafi orðið fyrir fjárhagslegu tjóni vegna afnotamissisins, sem rakið verður til sakar seljanda í skilningi skaðabótaréttar, og verður því að hafna þessari kröfu hans.

V

Álitsorð

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda, X, kr. 45.000.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

